



STJÓRN STRÆTÓ bs.

Ár 2013, föstudaginn 25. janúar var haldinn 177. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 08:05.

Mætt voru Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Gunnar I. Birgisson, Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson.

Fundarritari var Hörður Gíslason.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram, bréf bæjarritara Garðabæjar, dag. 10. desember sl. varðandi sameiningu Álftaness og Garðabæjar.
2. Fjallað um framkvæmd samkomulags ríkis og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um almenningssamgöngur, sbr. 5. liður fundargerðir 171. fundar stjórnar.
Ellý Katrín Guðmundadóttir, Gunnar Einarsson, Hreinn Haraldsson, Páll Guðjónsson og Sigurbergur Björnsson mættu til fundarins.

Gunnar I. Birgisson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:
Óskað er eftir nettókostnaði per nýtt innstig í vagna Strætó eftir að nýr samningur ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tók gildi. Miða skal við sept., okt., nóv. og des. 2012.
Skriflegt svar óskast.
3. Kynntar ítarlegar farþegatalningar skipt eftir leiðum í október 2012.
4. Fjallað um áhrif farþegafjölgunar á leiðakerfið. Lagt fram minnisblað til stjórnar, nauðsynlegar umbætur/viðbætur á leiðakerfi 2014, dags. 6. janúar 2013.
Einnig minnisblað til stjórnar, íhuganir vegna Flex þjónustu í framtíðinni, dags. 15. janúar 2013.
Einar Kristjánsson og Smári Ólafsson mættu til fundarins vegna liða 3 og 4.
5. Fjallað um þjónustu strætó við landshlutasamtök, sbr. 3. og 4. liður fundargerðar 175. fundar stjórnar. Lagt fram minnisblað til stjórnar, þjónusta við sveitarfélög og landsbyggðina, dags. 25. janúar 2013. Frestað.
6. Lagður fram árshlutareikningur Strætó bs. fyrir tímabilið 1. jan. - 30. sept. 2012, sbr. 3. liður fundargerðar 176. fundar stjórnar Strætó. Samþykkt.



7. Tekið fyrir erindi Endurskoðunarnefndar Rvb., sbr. 1. liður fundargerðar 176. fundar stjórnar Strætó. Samþykkt, enda leiði breytt fyrirkomulag ekki til aukins kostnaðar.
8. Greint frá að Iceland Excursion – Allrahanda hefur höfðað dómsmál varðandi útboð Strætó bs. nr. 12369 á akstri fyrir Strætó bs. og skaðabótakröfu vegna þess útboðs.
9. Gunnar I. Birgisson spyr hvað sé að fréttu af verkefni, sem Curron ehf. býðst til að vinna fyrir Strætó bs.
Stjórnarformaður boðar að upplýst verður um stöðu málsins á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 10:05

Einar Örn Benediktsson

Sturla Þorsteinsson
Sigríður Björk Jónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar I. Birgisson
Bryndís Haraldsdóttir